

Pegasus ehf
Sóltúni 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. október 2020
UST202009-279/P.V.B.
09.08.02

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vegar við Kleifarvatn í Reykjanesfólkvangi

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus ehf, dagsett 29. september 2020, um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega við Kleifarvatn í Reykjanesfólkvangi.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Vegna kvikmyndatöku í Huldufjöru við Kleifarvatn stendur til að reka niður í fjöruna 38 álrör sem eru um 30 mm í þvermál. Álrörin fara um 25 cm niður og verða staðsett á svæðum þar sem engin gróður er fyrir. Undirbúningur fyrir tókurnar hefst á svæðinu 2. október 2020 og frágangi lýkur 6. október 2020. Tökur fara fram 5. október 2020. Að tókunum koma 85 manns. Vegna kvikmyndatökunnar við Kleifarvatn er óskað eftir leyfi til aksturs utan vegar í fjörunni til að flytja búnað og til að sýna bifreið í akstri í fjörunni. Til að flytja búnaðinn í fjöruna þarf trukk, skotbómulyftara, þrjá sendibíla og þrjá pallbíla og jeppa. Eitt jetsky verður sjósett frá norðurenda vatnsins. Staðsetning á grunnbúðum verður ákveðin 4. október 2020. Tveir staðir koma til greina, við norðurenda vatnsins við Lambatjörn eða í fjörunni sunnan við Syðri Stapa. Tech base og tókustaður verður í Huldufjöru. Í grunnbúðum er gert ráð fyrir 25-30 bílum og um 25 bílum við niðurkeyrsluna að Huldufjöru. Ef hægt er verða nokkrir bílar staðsettir á bílastæðum við Stapanu og gæti þá bílunum fækkað við Huldufjöru. Vegna utanvega aksturs í mynd er óskað eftir að fá að keyra sérstakan torfærubíl eftir fjöruni með annað dekkið ofan í flæðamálinu. Kort sem sýnir akstursleið torfærubílsins fylgdi með umsókn. Um er að ræða 200 metra og eftir það myndi bíllinn vera staðsettur í fjörunni þar til tókum lýkur og þá settur á bíl. Akstur bílsins yrði 3-5 sekúndur af töku. Öll ummerki um aksturinn og tókurnar verða fjarlægð að tókum loknum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á svæðið vegna aksturs utan vega sem því fylgir. Einnig geta gestir svæðisins orðið fyrir truflunum á meðan verkefnið stendur yfir. Stofnunin metur áhrifin vegna aksturs til uppsetningar búnaðar og áhrif á gesti

svæðisins tímabundin og ekki líkleg til að hafa langtímaáhrif miðað við verkefnalýsingu sé skilyrðum fyrir leyfinu fylgt. Umhverfisstofnun metur akstur torfærubíls í fjörunni hafa neikvæð áhrif á svæðið. Um er að ræða akstur torfærubíls sem er óheimill utan skipulagðra akstursípróttasvæða. Birting slíks efnis getur gefið áhorfendum rangar upplýsingar um hvað er leyfilegt hér á landi þegar kemur að akstri vélknúinna farartækja.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun **hafnar** umsókn Pegasus ehf. um leyfi til að keyra torfærubíl í fjörunni við Kleifarvatn. Umhverfisstofnun **veitir** Pegasus fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri til uppsetningu búnaðar í fjörunni við Kleifarvatn innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 2. - 6. október 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að myndefnið hvetji til aksturs utan vega þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka ökutækjum sem koma að uppsetningu búnaðar að og innan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum og einnig ef hlé verður á tókum sem varir lengur en einn dag.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Starfsmenn verkefnisins skulu sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Aðeins er heimilt að vera með þann fjölda bíla í fjörunni við tókustað og í grunnbúðum sem tiltekin er í umsókn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri



René Biasone
sérfræðingur